



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM TRYGGINGU RADDAR

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 ítrekar mikilvægi þess að tryggja kennurum öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi (lög nr. 46/1980). Í dómi sem féll þriðja apríl 2018 var Akureyrarbæ gert að greiða kennara miskabætur vegna raddmissis.

Það er afar mikilvægt að leita leiða til að vernda rödd kennara þar sem um atvinnutæki þeirra er að ræða og er því beint til skólamálanefndar félagsins að kanna leiðir til þess.

Aðalfundur FG mælist til þess samstarfsnefnd FG og SNS verði falið að kanna tafarlaust hvort hægt sé að kaupa tryggingar vegna varanlegs skaða á rödd sem gerir kennara óvinnufæran til kennslustarfa og leggja mat á kostnað vegna kaupa á slíkri tryggingu.